

ins úrskurðuð þóknun fyrir réttargæslu vegna ákærðu Sólrúnar. Verður því í máli þessu eigi dæmt um það atriði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 115 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærða, Sólrún Elís dóttir, sæti fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 10 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærði Viðar greiði skipuðum verjanda sínum Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni 15.000 krónur í réttargæslulaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði Viðar að $\frac{3}{4}$ hlutum, en ákærða Sólrún að $\frac{1}{4}$ hluta, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, áðurgreinds Indriða, 30.000 krónur.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 149/1986. **Óliuverslun Íslands h/f**

gegn

Hilmari S. R. Karlssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 14. apríl 1986, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar, kært þinglýsingu áfrýjunarstefnu í málinu nr. 266/1985: Hilmar S. R. Karlsson gegn uppboðsbeiðendum Túngötu 7 Bessastaðahreppi í Kjósarsýslu, og uppboðshaldaranum í Kjósarsýslu á framangreinda fasteign. Kæruheimild telur kærandi vera í 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess að framangreind þinglýsing verði afmáð af fasteigninni nr. 7 við Túngötu í Bessastaðahreppi og að sér verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en *til vara* að ákvörðun þinglýsingardómara verði staðfest. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í áfrýjunarstefnu þeirri, sem um er deilt í máli þessu hvort þinglýsa skuli, segir m.a. svo:

„Réttinum hefur tjáð Hilmar S. R. Karlsson, nnr. 4127-9680, Túngötu 7, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, að hann þurfi að áfrýja til Hæstaréttar nauðungaruppboði á fasteigninni Túngata 7, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu.

Hin áfrýjaða uppboðsgerð hófst með birtingu uppboðsauglýsingar um nauðungaruppboð í 101. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom miðvikudaginn 27. október 1982, og henni lauk með útgáfu uppboðsafsals 22. nóvember 1985.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þá réttarkröfu að öll meðferð uppboðsmálsins fyrir uppboðsrétti Kjósarsýslu frá byrjun til enda verði dæmd ógild og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni með eða án nýrra gagna, krafna og málsástæðna og með eða án heimvísunar, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.“

Málsaðilar hafa báðir lagt fram greinargerðir fyrir Hæstarétti og þinglýsingardómarinn hefur einnig sent Hæstarétti greinargerð af sinni hálfu. Í henni segir m.a. svo:

„Við nánari athugun hefur þinglýsingardómari komist að þeirri niðurstöðu að skjalið fullnægði ekki skilyrðum til þinglýsingar skv. IV. kafla laga nr. 39/1978 og hafi því upphaflega borið að vísa skjalinu frá þinglýsingu. Hins vegar brestur þinglýsingardómara heimildir til þess að afmá þinglýsinguna úr fasteignabók skv. 27. gr. laga nr. 39/1978, sbr. athugasemdir við þá grein í frumvarpi til þinglýsingarlaga.“

Sóknaraðili styður kröfur sína þeim rökum að ekki megi þinglýsa áfrýjunarstefnunni á fasteign hans sem sé þinglesin eigu hans „meðal annars þar sem skilyrði 4. kafla 1., 27. og 28. gr. laga nr. 39 frá 1978 hafi ekki verið fyrir hendi.“

Varnaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum, að kærufrestur eftir 22. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands hafi verið liðinn er málið var kært. Í kæru komi fram að sóknaraðila hafi verið kunnugt um þinglýsinguna í lok marsmándaar 1986, en kæra sé dagsett 14. apríl s.á. Kærufrestur í 22. gr. laga nr. 75/1973 sé 2 vikur

og hafi því verið liðinn hinn 14. apríl er kæra er dagsett. Hann kveður kærufrest samkvæmt 3. gr. laga um þinglýsingar nr. 39/1978 einungis eiga við ef það er þinglýsingarbeiðandi sem kærir úrlausn héraðsdómara og sá kærufrestur eigi því ekki við í þessu máli. Þá telur hann sig eiga lögvarða hagsmuni af því að áfrýjunarstefnunni sé þinglýst á eignina. Hann vilji ekki una nauðungaruppbóðinu og sé honum nauðsynlegt að fá það ómerkt í Hæstarétti. Honum sé nauðsynlegt með þinglýsingu áfrýjunarstefnunnar að tryggja rétt sinn gagnvart hugsanlegum viðsemjendum sóknaraðila eða lánardrottnum sem ganga vildu að eigninni.

Þá telur hann að tilvísun sóknaraðila til 28. gr. laga nr. 39/1978 eigi ekki við. Í því lagaákvæði sé átt við að úrskurð dómara þurfi til þinglýsingar stefnu, þegar mál er sótt sem varðar réttindi yfir fasteign, t.d. riftunarmál eða eignardómsmál, en það eigi örugglega ekki við um stefnu til æðra dóms til ómerkingar á uppbóðsgerð.

Skilja verður 3. gr. laga nr. 39/1978 svo, að allar úrlausnir þinglýsingardómara samkvæmt lögnum sæti kæru samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Kærufrestur samkvæmt lagagreininni er 4 vikur. Í lögum nr. 75/1973 um Hæstarétt er ekki kærheimild fyrir þinglýsingamál nema að því leyti sem 1. tölul. 1. mgr. 21. gr. gildir um þann málaflokk. Verður ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973 um 2 vikna kærufrest ekki beitt um þinglýsingamál þrátt fyrir orðalag 3. gr. laga nr. 39/1978, þar sem sérstaklega er vikið að þinglýsingarbeiðanda.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1978 eiga ekki við um áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar. Varnaraðili neytti ekki heimilda 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga til þess að fá þinglýst kröfu um leiðréttingu. Með uppbóðsafsali frá 22. nóvember 1985 fékk sóknaraðili formlega heimild til eignarinnar Túngötu 7 í Bessastaðahreppi, sbr. 22. gr. laga nr. 39/1978. Staðhæfingum annarra aðila en þess sem hefur formlega eignarheimild verður ekki þinglýst á eign eftir öðrum heimildum en þeim sem greinir í 27. og 28. gr. þinglýsingalaga. Svo sem að framan greinir eiga ákvæði 28. gr. ekki við um tilvik það sem hér er fjallað um, en eigi var beitt heimildum 27. gr. Var því eigi, eins og hér stendur á, grundvöllur til þinglýsingar áfrýjunarstefnu þeirrar frá 6. desember 1985 sem hér er um fjallað. Ber því að afmá hana úr þinglýsingabók Kjósarsýslu.

Rétt þykir að varnarðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, 5.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Afmá skal úr þinglýsingabók Kjósarsýslu af eigninni Túngötu 7 í Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, þinglýsingu á áfrýjunarstefnu frá 6. desember 1984, skráðri hinn 18. mars 1986, í hæstaréttarmálinu nr. 266/1985.

Varnaraðili, Hilmar S. R. Karlsson, greiði sóknaraðila, Olíuverslun Íslands h/f, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 147/1986. **Nylon Hoisery Company Ltd.**

gegn

G. Bergmann hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b. lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1986 er barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.